



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands 2005



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Hlutverk.....	1
Starfsstöðvar	1
Stjórn.....	2
Störf stjórnar	2
Starfsfólk	2
Verkefni.....	3
Hreindýrarannsóknir og vöktun.....	3
Vöktun stofnsins.....	4
Veðikvóti og stofnlíkan.....	5
Umhverfisstofnun, Hreindýraráð og ráðuneyti	5
Úrvinnsla eldri gagna og heimildasöfnun	5
Erlent samstarf.....	6
Fuglarannsóknir	6
Gróðurannsóknir	6
Umhverfismál sveitarfélaga.....	7
Friðlýst svæði	8
Fólkvangur Norðfjarðar.....	8
Hólmanes, fólkvangur og friðland	8
Fræðslustarfsemi.....	8
Náttúrugripasafnið.....	8
Náttúruskóli	9
Sýningar og fræslufundir	10
Vettvangsferðir.....	11
Skólar	12
Heimasíða.....	12
Verkefni sem stöðugt er unnið að.....	12
Samstarf við aðrar stofnanir	13
Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.....	13
Aðrar náttúrustofur.....	13
Búlandið	14
Umhverfisnefnd Fjarðabyggðar	14
Þakkarorð	14
Skýrslur og fræðsluefni.....	14

Inngangur

Náttúrustofa Austurlands tók til starfa formlega í júní 1995 og varð því 10 ára á starfsárinu. Í upphafi var einungis einn starfsmaður við stofuna en frá 1999 fór fastráðnum starfsmönnum að fjölga og síðustu árin hafa verið nálægt 5 ársverk unnin á stofunni. Náttúrustofu Austurlands er eins og öðrum slíkum stofum ætlað mjög fjölbreytilegt og viðamikil hlutverk sem varla verður sinnt á fullnægjandi hátt nema að stofnunin stækki enn frekar frá því sem nú er. Náttúrustofan tekur nú þegar að sér margvísleg verkefni sem flest stuðla að því að byggja upp sérþekkingu á náttúru Austurlands og efla þannig grundvöll starfseminnar til frambúðar.

Starfsemi Náttúrustofu Austurlands var heldur umfangsmeiri árið 2005 en árin á undan. Það var unnið að fjölbreyttum verkefnum víðs vegar um Austurland. Hér fer á eftir yfirlit um helstu þætti starfsemi Náttúrustofu Austurlands árið 2005. Ársreikningur Náttúrustofu Austurlands er birtur í sérstakri skýrslu.

Hlutverk

Helstu hlutverk Náttúrustofunnar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (60/1992) með síðari breytingum eru:

- að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf,
- að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um náttúruvöktun að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila, að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.

Ennfremur er hlutverk Náttúrustofu Austurlands skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994) að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum.

Starfsstöðvar

Eins og undanfarin ár er Náttúrustofa Austurlands með höfuðstöðvar í Neskaupstað en útibú er á Egilsstöðum. Forstöðumaður er í Neskaupstað og þar er rannsóknastofa og bókasafn stofunnar. Í Neskaupstað er Náttúrustofan í fræðasetrinu Búlandi sem er sambýli Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Verkmenntaskóla Austurlands, Sorpsamlag Miðausturlands og einnig hefur starfsmaður frá Fiskistofu nú bæst í hópinn. Útibúið á Egilsstöðum er í húsnæði hjá Skógrækt ríkisins.

Starfsemin á Egilsstöðum snýst fyrst og fremst um hreindýr en einnig er unnið þar að fuglarannsóknum og fræðsluverkefnum. Í Neskaupstað er unnið að margvíslegum verkefnum svo sem gróðurannsóknunum, fuglarannsóknum, kortagerð, vöktun gróðurs, jarðvegs og vatns við álverið sem er að rísa á Reyðarfirði, verkefnum tengdum

Staðardagskrá 21, fræðsluverkefnum, umsjón með Náttúrugripasafninu í Neskaupstað, fólkvöngum í Fjarðabyggð o.fl.

Stjórn

Samkvæmt lögum skal rekstrarsveitarfélag skipa þriggja manna stjórn náttúrustofunnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Núverandi stjórn var skipuð sumarið 2002 af Fjarðabyggð og í henni sitja: Línéik Anna Sævarsdóttir formaður, Einar Már Sigurðarson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Varamenn eru Einar Þórarinnsson, Hákon Viðarsson og Böðvar Þórisson.

Störf stjórnar

Á árinu 2005 voru haldnir 2 stjórnarfundir. Fundargerðir voru lagðar fram jafn óðum á fundum bæjarstjórnar Fjarðabyggðar eins og verið hefur frá upphafi. Helstu mál sem fjallað var um árið 2005 voru:

- Kjarasamningar starfsfólks
- Fjárhagsáætlun
- Ársreikningur
- Verkefnastaða
- Aðild fleiri sveitarfélaga að rekstri stofunnar

Milli stjórnarfunda ber forstöðumaður gjarnan álitamál undir formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir atvikum og fær hjá þeim upplýsingar og ráðgjöf.

Starfsfólk

Árið 2005 voru 6 starfsmenn að störfum í mismunandi starfshlutföllum, auk sumarstarfsmanns og tímabundinna aðstoðarmanna. Þrátt fyrir að nokkur sérhæfing sé meðal starfsmanna, og að þeir beri ábyrgð á mismunandi þáttum starfseminnar, ganga eftir þörfum allir í þau verk sem vinna þarf hverju sinni. Starfsfólk Náttúrustofu Austurlands árið 2005 voru:

Guðrún Á. Jónsdóttir gróðurvistfræðingur. Guðrún var í fullu starfi allt árið. Guðrún er forstöðumaður og sér um daglegan rekstur, fjármálastjórn, starfsmannamál, áætlanagerð, verksamninga og gróðurannsóknir.

Kristín Ágústdóttir landfræðingur. Kristín var í um 90% starfi allt árið. Helstu verkefni Kristínar voru gróðurkortagerð, umsjón með bæklingaútgáfu og heimasíðu náttúrustofunnar, verkefnisstjórn vegna rannsókna og vöktunar við álverið sem er að rísa á Reyðarfirði og Staðardagskrá 21 fyrir Fjarðabyggð.

Erlín Emma Jóhannsdóttir líffræðingur. Erlín Emma var í fullu starfi yfir mesta annatíma ársins en í lægra starfshlutfalli nokkra vetrarmánuði vegna vinnu við mastersverkefni sitt. Helstu verkefni hennar voru umsjón með Náttúrugripasafninu í Neskaupstað og önnur fræðsluverkefni svo sem náttúrufræðinámskeið fyrir krakka, vinna við gróðurannsóknir og rannsóknir vegna vöktunar álvers í Reyðarfirði og verkefni á sviði vatnalíffræði.

Rán Þórarinsdóttir líffræðingur. Rán var í fullu starfi allt árið. Megin verkefni hennar voru vöktun og rannsóknir á hreindýrum. Þar með talið áætlanagerð, samskipti við stofnanir og einstaklinga sem tengjast hreindýrum.

Halldór Walter Stefánsson fuglafræðingur. Halldór Walter var í um 70 % starfi árið 2005. Hann vann einkum að fuglarannsóknnum víða á Héraði. Ýmist að samstarfsverkefnum sem stýrt er af Náttúrufræðistofnun Íslands eða verkefnum á vegum Náttúrustofunnar sjálfrar.

Berglind Steina Ingvarsdóttir líffræðingur. Berglind Steina kom til baka eftir barnsburðarleyfi og var í hlutastarfi fyrst í júní og síðan frá september til ársloka. Helstu verkefni Berglindar voru á sviði fræðslumála m.a. verkefni tengd fyrihuguðum flutningi Náttúrugripasafninsins í nýtt húsnæði og náttúrufræðinámskeið fyrir krakka og aðstoð við Umhverfisstofnun vegna undirbúingins friðlýsingar á Gerpissvæðinu

Skarphéðinn G. Þórisson líffræðingur. Skarphéðinn var í launalausú leyfi allt árið en tók þó þátt í vettvangsvinnu við athugun á burðarsvæðum hreindýra í maí 2005.

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir nemi í líffræði og umhverfisverkfræði. Aðalbjörg Birna vann hjá Náttúrustofnunni í um 3 mánuði sumarið 2005 en hvarf svo aftur til náms. Hún vann einkum að verkefnum á sviði gróðurannsóknna og vöktunar gróðurs.

Fleiri hafa lagt fram vinnu í þágu verkefna Náttúrustofunnar og eiga *Reymar Ásgeirsson* og *Líneik Anna Sævarsdóttir* þar stærstan hlut. Reymar tók þátt í mörgum vettvangsferðum vegna hreindýrarannsókna og Líneik Anna vann að gróðurgreiningum í reitum í Reyðarfirði sumarið 2005. Bókhald og endurskoðun Náttúrustofunnar hefur undanfarin ár verið unnið af stafsmönnum Deloitte & Touche. Það eru *Ína D. Gísladóttir* og *Buríður Jónsdóttir* sem hafa haft af því mestan veg og vanda.



Aðalbjörg Birna

Verkefni

Hreindýrarannsóknir og vöktun

Verkefnum vegna hreindýra má skipta í eftirfarandi:

- vöktun stofnsins
 - dreifing/hagaganga á öllum árstímum
 - vetrartalning í mars
 - frjósemi og dánartíðni í apríl
 - burðarathugun í maí
 - sumartalning í júlí
 - aldurs- og kynjasamsetning á fengitíma

- mat á ágangi hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi og arðsútreikningar
- gerð tillagna um veiðikvóta, ágangssvæði og skynsamlegan framgang veiðanna.
- fræðslu og söfnun heimilda um hreindýr á Íslandi.

Vöktun stofnsins

Dreifing hreindýra á öllum árstímum

Upplýsingar um fjölda og dreifingu hreindýra á öllum árstímum er ein meginforsenda fyrir ráðgjöf um veiðipól og aðal forsenda arðsúthlutunar. Náttúrustofan skipuleggur tvær talningar á ári, vetrartalningu í mars á öllu Austurlandi og talningu í júlíbyrjun á Snæfellsöræfum. Í árum þar sem vetrartalning er ekki framkvæmanleg vegna veðurfars og færðar er reynt að auka áherslu á öðrum talningum.

Auk talninga er stöðug skráning í gangi allt árið á ferðum og dreifingu hreindýra í samvinnu við heimamenn.

Vetrartalning 2005 heppnaðist ekki vel vegna veðurfars og snjóleysis sem gerði það að verkum að ekki var hægt að komast um hreindýrahagana. Fundust að þessu sinni um 2143 dýr eða rúmlega helmingur stofnsins. Er þetta að verða æði algengt og var gripið til þess að telja þau svæði sem uppá vantaði á fengitíma haustið 2005.

Í sumartalningu á Snæfellsöræfum fundust 2481 dýr og voru þau að þessu sinni langflest á Fljótsdalsheiði. Tókst sú talning mjög vel og líklegt að fundist hafi flestar kýr og kálfar sem halda til á þessu svæði.

Eins og 2004 var reynt að telja veiðisvæði 8 og 9 úr lofti þar sem óvissa hefur ríkt varðandi dreifingu dýranna á sumrin. Sumarið 2004 fundust á þessu svæði 594 dýr sem er líklega nálægt heildarfjölda dýra á þessu svæði.

Árið 2005 var flogið nokkru seinna eða um miðjan júlí og voru dýrin þá orðin dökk og erfitt að finna þau. Tókst sú talning ekki sem skyldi á svæði 8 (Lón og Nes) en á Mýrum fundust 61 dýr og 41 í Suðursveit auk þess sem vitað var um 24 tarfa. Allt í allt fundust 227 dýr á svæði 8 og 9.

Aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi og dánartíðni

Einungis er hægt að sjá aldurs- og kynjahlutfall í hreindýrastofninum á fengitíma. Austurlandi er skipt niður í níu veiðisvæði og er nauðsynlegt að skoða kynjahlutfallið á sem flestum svæðum. Niðurstöður þessara athugana eru forsendur úthlutunar veiðikvóta með tilliti til kyns. Stefnt er að því að hlutfallið sé svipað og gerist í stofnum sem ekki er veitt úr eða um 50% kýr, 30% tarfar og 20% kálfar að hausti.

Ákveðið var 2005 að reyna að taka kynjahlutfall á öllum svæðum annaðhvert ár og skipta því þannig upp að helmingur veiðisvæða er talin annað hvert ár. Að þessu sinni voru suðursvæðin (Veiðisvæði 7, 8 og 9) tekin fyrir. Vitað var um 956 dýr á þessum svæðum á talningartíma, þar af fundust 686 dýr. Gáfu þessar talningar líka góða mynd af dreifingu dýranna á þessum árstíma.



Hreindýr á hlaupum

Í apríl er hægt að mæla hlutfall kelfdra kúa í stofninum með því að telja fjölda kúa sem ennþá er hyrndur. Þessar talningar gefa upp frjósemi í stofninum og æskilegt væri að þær séu framkvæmdar á sem flestum svæðum þar sem frjósemi kann að vera breytileg milli svæða.

Í apríl 2005 voru greindar 147 kýr á Fljótsdalsheiði og þar af voru 15 kollóttar. Út frá því var

frjósemishlutfallið á þessu svæði tæp 87% sem er mjög hátt.

Hlutfall kálfa í stofninum er athugað í öllum talningum (Sumar, haust, vetur og vor) á öllum árstímum. Niðurstöður segja til um nýliðun.

Burður hreinkúa var kannaður á Snæfellsöræfum dagana 12.-18. maí 2005. Alls sáu um 730 kýr og 312 kálfa. Miðburður (helmingur kúa borinn) virtist breytilegur milli svæða en var að meðaltali um 14. maí.

Upplýsingum safnað úr veiðinni

Nauðsynlegt er að safna upplýsingum úr veiðinni til að fylgjast með líkamlegu ástandi hreindýranna, einkum nú er ýmsar athafnir manna þrengja að dýrunum. Veiðimenn skila inn upplýsingum sem Náttúrustofan vinnur síðan úr. Einnig skila þeir inn kjálkum sem nýtast m.a. við aldursgreiningu.

Veiðikvóti og stofnlíkan

Náttúrustofa Austurlands vinnur tillögur að veiðikvóta fyrir Hreindýraráð. Kvótinn er gefinn út í desember fyrir veiðitímabil næsta árs. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 909 dýr fyrir árið 2006 sem er 109 dýra hækkun frá síðasta ári. Er það í samræmi við áætlaða fjöglun sem orðið hefur í stofninum á síðustu árum. Kvótinn miðast við að dýrunum fjölgi ekki frekar.

Umhverfisstofnun, Hreindýraráð og ráðuneyti

Umhverfisstofnun sér um allt er lýtur að nýtingu hreindýranna. Náttúrustofan er í góðu samstarfi við Jóhann G. Gunnarsson sem fer með þessi mál fyrir Umhverfisstofnun.

Fulltrúi Náttúrustofu Austurlands situr fundi Hreindýraráðs. Umhverfisstofnun skiptir arði af hreindýraveiðum á milli landeigenda og ábúenda á Austurlandi. Arðskiptingin fer að stórum hluta (60%) eftir ágangi hreindýra og er það hlutverk Náttúrustofunnar að meta hann.

Úrvinnsla eldri gagna og heimildasöfnun

Enn á eftir að vinna úr ýmsum upplýsingum sem safnast hafa um hreindýrastofninn, einkum síðustu 30 árin. Stöðugt er unnið að því að safna saman og koma fyrir á aðgengilegan máta öllu sem skrifað er og hefur verið skrifað um hreindýr á Íslandi.

Erlent samstarf

Reynt er að fylgjast með niðurstöðum hreindýrarannsóknna annars staðar á norðurhveli. Æskilegt væri að efla samstarf og samskipti Náttúrustofu Austurlands við erlenda hreindýrasérfræðinga ekki síst við Norræna hreindýráððið (Nodrisk organ för renforskning).

Fuglarannsóknir

Unnið er að vöktun fugla í Héraði í tengslum við Kárahnjúkavirkjun. Þetta er vekefni sem unnið er af Náttúrufræðistofnun Íslands með aðstoð Náttúrustofu Austurlands og sá sú síðarnefnda að miklum hluta um þá þætti sem hér eru nefndir.

Líkt og árið 2004 var fylgt eftir rannsóknum á lómum á Úthéraði. Verkið fólst í að skrá fæðuferðir lóma sem sækja æti í Héraðsflóa frá völdum stöðum. Einnig var fylgst með ferðum varpfugla sem sóttu æti í unga.

Fleiri vöktunarþættir voru settir í gang sumarið 2005 vegna Kárahnjúkavirkjunar sem snúa að fuglum og Náttúrustofa Austurlands kom að.

Kafendur voru taldar á Lagarfljóti á völdum stöðum þar sem lögð var áhersla á hávelli.

Þá voru grágæsir taldar á fellitíma á nær öllu Héraðinu. Fellistaða var leitað bæði af landi og úr lofti. Einna best gekk að telja geldgæsirnar sem safnast saman í hópa en varpfuglar með unga komu ekki fullnægjandi fram í talningunum.

Farið var um flest öll heiðagæsavörp á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar og hreiður talin með líkum hætti og gert var í umhverfismatinu árið 2000. Heiðagæsir voru einnig taldar á fellitíma. Leitað var af fellistöðum úr flugvél og fuglar í sárum myndaðir og síðan taldir af þeim.

Skúmar voru taldir á Úthéraði og varpdreifing þeirra kortlögð líkt og í umhverfismati fyrir Kárahnjúkavirkjun. Samantekt um þessa vöktunarþætti var gerð síðar á árinu og fyrri hluta árs 2006.

Fuglalíf var tekið út vegna mats á umhverfisáhrifum vegna framtíðarefnistökusvæðis í Eyvindarárdal samkvæmt beiðni Línuhönnunar hf.

Gróðurannsóknir

Rannsóknir á gróðurfari og gróðurkortlagning hefur verið eitt af megin viðfangsefnum Náttúrustofu Austurlands undanfarin ár. Hefur þar bæði verið um almenna

gagnasöfnun að ræða en einkum þjónustuverkefni fyrir ýmsa aðila. Árið 2005 var unnið að nokkrum verkefnum á þessu sviði.

Sumarið 2005 voru tvö smá verkefni unnin vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Annars vegar á Evindarárdal, vegna efnistöku og hins vegar utan við Lagarfoss vegna förgunar efnis.

Sumarið 2005 voru settir upp rannsóknarreitir til að vakta gróður í Reyðarfirði og fylgjast með hvort breytingar verði með tilkomu álversins. Sjá nánar í næsta kafla.



Gróðurgreining í Reyðarfirði

Vöktun umhverfisþátta í Reyðarfirði

Haustið 2004 gerði Náttúrustofan samning við Bechtel til 5 ára um vöktun gróðurs í Reyðarfirði. Verkefnið er unnið með ráðgjöf frá prófessor Alan Davison frá School of Biology við Newcastle Háskóla á Englandi og Leonard H. Weinstein frá Boyce Thompson Institute for Plant Research við Cornell Háskóla í Ithaca í Bandaríkjunum.



Þeir Alan og Len að skoða heilbrigði plantna í Reyðarfirði

Vöktunaráætlunin felur í sér að rannsaka hvort

álverið hefur áhrif á gróður, vatn og jarðveg. Grunnrannsóknir til að meta heilbrigði gróðurs og efnainnihald vatns, jarðvegs og gróðurs áður en hugsanlegra áhrifa álvers fer að gæta voru unnar á árinu 2005. M.a. voru settir upp 200 vöktunarreitir þar sem fyrirhugað er að fylgjast með hvort breytingar verði á gróðursamsetningu og þekju með tilkomu álversins. Annars vegar er um að ræða 150 reiti í villtum gróðri og hins

vegar 50 reiti á fléttugrónum klöppum. Þá voru tekin sýni af gróðri og grænmeti til efnamælinga, m.a. sýni af rabbabara, kartöflum, grasi, mosa og bláberjalaufti. Í þessum sýnum er m.a. mælt flúor, köfnunarefni, brennisteinn og þungmálmar. Vatnssýni úr ám og vatnsbóli eru tekin ársfjórðungslega, snjósýni tvisvar á ári og jarðvegssýni einu sinni á ári til efnagreininga, þar sem m.a. er mælt flúor, klór, þungmálmar og PAH-efni. Þessar rannsóknir verða svo endurteknaðar þegar álverið verður ræst og á fyrstu starfsárum þess til að sjá hvort áhrifa verði vart. Vöktunaráætlunin verður endurskoðuð í ljósi niðurstaðna.

Umhverfismál sveitarfélaga

Frá vorinu 1999 hefur Náttúrustofa Austurlands unnið að verkefnum tengdum Staðardagskrá 21 fyrir Fjarðabyggð. Náttúrustofan hefur m.a. það hlutverk að sjá nefnd um Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð fyrir starfsmanni í um 5% starfi sem útfærir

og sinnir verkum í samræmi við óskir nefndarinnar. Á árinu 2004 var komið að endurskoðun Staðardagskrár 21 og tók nefndin þá ákvörðun í samráði við Stefán Gíslason verkefnisstjóra Staðardagaskrá 21 á landsvísi að fresta þeirri vinnu þar til sameining nýrrar Fjarðabyggðar væri gengin í gegn.

Friðlýst svæði

Fólkvangur Norðfjarðar

Náttúrustofan hefur fyrir hönd Fjarðabyggðar séð um eftirlit og gert tillögur um úrbætur í Fólkvangi Neskaupstaðar. Sumarið 2005 hóf níu manna hópur frá sjálfbodaliðasamtökunum World Friends störf í Fjarðabyggð. Hópurinn vann að lagfæringu stíga í Fólkvanginum. Sett var mól í nær allan göngustíginn og pallar lagðir yfir blaut svæði. Vinnuþjarkarnir voru frá Sviss, Danmörku, Bretlandi, Ítalíu og Bandaríkjunum.



Veraldarvinir í fólkvanginum í Neskaupstað

Hólmanes, fólkvangur og friðland

Farið var í leiðangur út í Hólmanes og skilti endurnýuð þar sem sumt af þeim var orðið upplitað og ónýtt. Til stóð að hefja endurbætur á gönguleiðum en því var frestað til 2006.

Fræðslustarfsemi

Náttúrugripasafnið

Starfsemi og rekstur

Náttúrustofa Austurlands sér um sýningar og viðhald safngripa í Náttúrugripasafninu skv samningi við Fjarðabyggð sem á og rekur safnið.

Sumarið 2005 var safnið opið daglega frá kl. 13 -17 tímabilið 1. júní – 15. ágúst. Safnið var utan þess opið fyrir skóla og aðra hópa eða einstaklinga eftir samkomulagi við umsjónarmenn safnisns. Aðeins einn starfsmaður er, forstöðumaður er í um ¼ stöðu árið og sinntu Erlín Emma og Berglind Steina starfsmenn Náttúrustofunnar því verkefni. Sumarstarfsmaður var ráðin að venju og sá hann um vörslu sýningarsalar og ræstingu þann tíma sem safnið er opið yfir sumartímann. Sumarstarfsmaður að þessu sinni var *Stella Rún Steinpórsdóttir*, menntskólanemi.

Fjöldi sýningargesta á árinu 2005 voru 670 sem er svipaður fjöldi og árið á undan. Á sumaropnunartíma voru sýningargestir 308 en utan venjulegs opnunartíma var gestafjöldi 362. Útlendingar voru 20 og Íslendingar því 650. Að venju var nokkuð um skólakrakka (bæði menntaskóla og grunnskólakrakka) sem heimsóttu safnið

Sýningar og safngripir

Hefðbundin sýning á uppstoppuðum dýrum og steinum var eins og undanfarin ár í aðalsýningarherbergjum safnsins.

Náttúrgripasafnið tók einnig þátt í dagskrá á "Dögum myrkurs" og sýndi þá skuggalegri hliðar en vanalega. Það var opið eitt nóvemberkvöld milli kl 20-22. Safngripir voru lýstir upp með kertaljósi, hægt var að lesa þjóðsögur tengdar náttúrugripunum og náttúruhljóð heyrðust í safninu. Aðsókn var mjög góð að myrkardagskránni.

Náttúrugripasafnið fékk styrk úr safnasjóði árið 2005 til kaupa á fiskabúri og ljósabúnaði tengdum því. Auk þess ætlar Samvinnufélag Útgerðarmanna (SUN) að styrkja uppsetningu á búrinu. Keypt var 1300 l búr og er ætlunin að hafa sjávardýr í því. Áætlað er að það verði komið í gagnið sumarið 2006 í nýju húsnæði.

Steinasafn var keypt og af Óskari Ágústssyni á Reyðarfirði of lagði Fjarðabyggð fé til þess. Þetta er vandað og mjög vel skráð safn og hefur mikið vísindalegt gildi. Safnið verður sett upp í nýja húsnæðinu ásamt öðrum steinasöfnum sem eru í eigu Náttúrugripasafnsins.

Að venju bárust safninu nokkrir gripir sem dæmi má nefna barst safninu refur sem var felldur í Hellisfirði 1974 af Jóni Sigfúsi Bjarnasyni. Gefandi refsins var Elín Ólafía Ólafsdóttir.

Húsnæði

Árið 2005 er síðasta árið sem Náttúrugripasafnið verður staðsett í Miðstræti 1. Næsta sumaropnun verður í nýju húsnæði á efstu hæð í gamla Hafnarhúsinu í Neskaupstað.

Náttúruskóli

Dagana 6-10. júní hélt Náttúrustofan náttúrufræðinámskeið fyrir krakka á aldrinum 8-10 ára á Norðfirði og má segja að þar sé komin vísir að náttúruskóla. Ellefu krakkar tóku þátt og komust færri að en vildu. Markmið námskeiðsins var að kynna krökkunum fjölbreytt lífríki í íslenskri náttúru og einkum sínu



Nemendur náttúruskólans á veiðum



Nemendur náttúruskólans. Hvað skildi vera þarna?

nánasta umhverfi. Farið var í nokkrar vettvangsferðir m.a í Hólatjarnir, niður í fjöru, í skógrækt ofan bæarins í Neskaupstað og í fólkvang Neskaupstaðar. Plöntur og dýr voru skoðuð og velt fyrir sér búsvæðum þeirra og lífnaðarháttum. Námskeiðið endaði síðan á því að heimsækja Náttúrugripasafnið. Allir fengu viðurkenningarskjal að þáttöku lokinni. Annað námskeið er fyrirhugað sumarið 2006 og verður einnig boðið upp á það á Eskifirði eða Reyðarfirði.

Sýningar og fræslufundir

Málþing og sýning um hreindýr

Í byrjun apríl 2005 gekkst Náttúrustofa Austurlands ásamt Safnastofnun Fjarðabyggðar og Menningarráði Austurlands fyrir sýningu á hreindýramyndum norska ljósmyndarans *Trym Ivar Bergsmo*, í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði. Sýndar voru einstakar ljósmyndir þess norska ljósmyndara, sem hann tók á slóðum Sama í Finnörku. Þar fylgdi hann hreindýrabændum, "Samafjölskyldu", frá Aidejavrre í Finnörku í 3 ár og myndaði daglegt líf þeirra.

Við opnun sýningarinnar 2. apríl var haldið málþing um ýmislegt varðandi hreindýr á Austurlandi og sýnd voru veggspjöld um íslensku hreindýrin og hreindýraveiðar sem unnin voru af Gunnarsstofnun og Náttúrustofu Austurlands fyrir nokkrum árum, einnig voru sýnd myndbrot (video og ljósmyndir) sem sýna hreindýrin í Austfirskri náttúru.



Margir mættu á málþing um hreindýr og opnun sýningar á hreindýramyndum

Framsöguerindi á málþinginu voru:

- Saga hreindýra og nýtingar þeirra. *Adalsteinn Jónsson* bóndi Klausturseli.

- Starfshópur um hreindýr , verkefni hans og staða hreindýramála. *Skúli Björn Gunnarsson* forstöðumaður Gunnarsstofnunar og fulltrí starfshópsins.
- Eignarhald á hreindýrum og stjórnsýsla hreindýramála. *Sigrún Ágústsdóttir* lögfræðingur hjá Umhverfissráðuneyti
- Rannsóknir og vöktun á hreindýrum. *Rán Þórarinsdóttir* líffræðingur á Náttúrustofu Austurlands.
- Veðisvæði og veiðar. *Sævar Guðjónsson* leiðsögumaður með hreindýraveiðum.

Á málþinginu var velt upp mörgum áhugaverðum spurningum um hreindýrin svo sem hvernig þau mættu nýfast betur til markaðssetningar og ímyndarsköpunar fyrir Austurland, stjórnun hreindýramála og þörf fyrir auknar rannsóknir.

Milli 40 og 50 manns voru viðstödd opnun sýningar og málþingið sem heppnaðist í alla staði vel.

Helgustaðanáma

Þann 15. október 2005 stóð Náttúrustofan og fræðasetrið í Búlandi að fræðsludagskrá í menningarmistöðinni á Eskifirði um silfurbergið úr Helgustaðanámunni. Dr. Leó Kristjánsson jarðeðlisfræðingur á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands hélt erindi og sýndi veggspjöld en hann hefur á undanförunum árum viðað að sér miklum upplýsingum um nýtingu silfurbergsins úr Helgustaðanámu, einkum hlutverki þess í þróun raunvísna og tækni. Leó kallaði erindið *Silfurberg, nítjándu aldar vísinsndi og nútíminn*.



Gestir hlíða á erindi Leós Kristjánssonar um silfurbergið frá Helgustaðanámu

Dagskráin heppnaðist vel og mættu ríflega 30 manns til að hlíða á erindi Leós. Að loknum fyrirlestri var boðið upp á kaffi og svo farið að Helgustaðanámunni og gengið upp í hana og hún skoðuð.

Vettvangsferðir

Þann 7. maí 2005 efndu Ferðafélag fjarðamanna og Náttúrustofa Austurlands til árlegrar fuglaskoðunar á Reyðarfirði og Norðfirði. Á báðum stöðunum var fuglaskoðunin á leirunum í botni fjarðanna og næsta nágrenni. Veðrið var ágætt á Norðfirði þó él hafi gengið yfir stöku sinnum. Mæting var nokkuð góð og mætti fólk á öllum aldri til að kíkja á fuglana. Alls mættu 24 manns á Norðfirði og þar sátust 20 fuglategundir.

Veðrið var hins vegar mun óhagstæðara á Reyðarfirði norðaustan stinningskaldi, skýjað og eljagangur. Þó mættu 12 manns þangað og þar sáu 25 fuglategundir.



Verið að skoða fugla

Starfsmenn Náttúrustofu Austurlands fræddu viðstadda um fuglalífið, Halldór Walter Stefánsson á Reyðarfirði og Rán Þórarinsdóttir og Berglind Steina Ingvarsdóttir á Norðfirði.

Skólar

Árlega kemur 10. bekkur Nesskóla í starfskynningu á Náttúrustofuna og vinnur að margvíslegum verkefnum. Nemendur Verkmenntaskóla Austurlands leita talsvert til stofunnar vegna ýmis konar verkefna. Þá hafa sérfræðingar stofunnar verið með gestafyrirlestra t.d. var kynning á loftmyndum og notkun loftmynda, gróðurkortagerð og flokkun gróðurlenda fyrir hópa nema í Verkmenntaskóla Austurlands. Einnig hefur starfsfólk Náttúrustofunnar aðstoðað við kennslu og námsmat í sumaráfanga um íslensku flórana þar sem nemendur safna 100 plöntuteundum og greina.

Heimasíða

Heimasíða Náttúrustofu Austurlands (www.na.is) hélt áfram göngu sinni á árinu 2005. Fréttahornið var fremur líflítið og ekki vannst tími til að endurskipuleggja síðuna sem þó er orðin þörf á. Frá því í árslok 2003 er nánast allar skýrslur Náttúrustofunnar aðgengilegar á vefnum. Kristín Ágústsdóttir og Erlín Emma Jóhannsdóttir sáu um heimasíðuna.

Verkefni sem stöðugt er unnið að

Söfnun heimilda og gagna um náttúru Austurlands er verkefni sem stöðugt er unnið að.

Bókasafn Náttúrustofunnar er enn lítið og vanbúið en vex þó árlega um nokkur eintök. Brýnt er að skrá safnið og skipuleggja það þannig að það nýtist sem best. Fyrir utan að efla bókasafnið er orðin mikil þörf á að skrá í gagnagrunn upplýsingar um náttúru Austurlands og gera slíkt gagnasafn aðgengilegt almenningi.

Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almenninga með skordýr, steina, plöntur eða aðra náttúrugripa á Náttúrustofuna. Starfsfólk stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum og lætur einskis ófreistaðs til að greiða úr þeim. Náttúrugripir sem starfsfólk

getur ekki greint er komið til annarra sérfræðinga. Þeir sem koma með gripi geta að sjálfsgöðu fengið þá aftur þegar þeir hafa verið greindir en annars tekur Náttúrustofan fúslega við a.m.k. því sem á einhvern hátt telst sérstætt fyrir Austurland.

Náttúrustofan sinnir einnig ýmiskonar ráðgjöf til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Þetta er í ýmsu formi t.d. óformleg samtöl, viðræður, minnisblöð eða jafnvel lengri álitsgerðir. Einnig er oft leitað eftir umsögnum um frumvörp, þingsályktunartillögur eða mál sem til umfjöllunar eru hjá ýmsum stofnunum.

Samstarf við aðrar stofnanir

Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur starfa samkvæmt sömu lögum og skal m.a. boða forstöðumenn náttúrustofa til ársfundar Náttúrufræðistofnunar til að greina frá niðurstöðum rannsókna og samræma starfsemina. Slíkur fundur var haldinn í Reykjavík í október 2004. Náttúrustofa Austurlands leitar oft til sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands með ýmsar fyrirspurnir, greiningar náttúrugripa og ráðgjöf af ýmsu tagi.

Mikið og virkt samstarf er við veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar vegna hreindýraverkefna.

Aðrar náttúrustofur

Alls hafa sjö náttúrustofur tekið til starfa víðs vegar um landið. Samstarf þessara stofa hefur verið að þróast smám saman eftir því sem fleiri hafa bæst í hópinn og starfsemi þeirra eflst. Vorið 2002 var ákveðið að stofna til formlegs samstarfs náttúrustofa og var stofnfundur haldinn. Markmið samtakanna er að vera vettvangur faglegs samstarfs um rannsóknir, auka tengsl náttúrustofa við innlendar og erlendar fagstofnanir og skiptast á skoðunum.

Ársfundur var haldinn á Húsavík í nóvember og komu þá í fyrsta skipti saman starfsmenn allra náttúrustofa. Í tengslum við ársfundinn var haldið opið málþing þar sem fjallað var bæði um um starfsemi náttúrustofa og náttúru Norðausturlands.



Starfsfólk náttúrustofanna og gestir á fundi á húsavík haustið 2005.

Búlandið

Þegar Náttúrustofan og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fluttu í húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands vorið 1999 varð til vísir að fræðasetri sem hefur síðan verið að þróast. Árið 2003 var ákveðið að nefna þetta fræðasetur Búland. Á árinu 2005 var haldið opið hús í Búlandinu, stofnanirnar innan Búlandsins voru með kynningu á starfsemi sinni og komu margir til að skoða. Haldinn var vorfagnaður í Verkmenntaskólanum í maí og aðalfundur var haldinn í Björgunarsveitarhúsinu. Í desember fóru starfsmenn á jólahlaðborð á Skriðuklaustri og tókst sú ferð með eindæmum vel.

Umhverfisnefnd Fjarðabyggðar

Umhverfisnefnd Fjarðabyggðar leitar álits Náttúrustofunnar á ýmsum álitamálum og formaður nefndarinnar hefur fundað með starfsfólki Náttúrustofunnar nokkrum sinnum á árinu til að fara yfir ýmis mál. Helstu málefni til umfjöllunar voru fólkvangar, friðlýsing Gerpsissvæðisins og ýmis umhverfis og náttúruverndarmál sem tengjast framkvæmdum.

Þakkarorð

Margir lögðu Náttúrustofunni lið við rannsóknir 2005. Náttúrustofan og einkum Egilsstaðaútibú átti ennfremur afar ánægjulegt samstarf við Jóhann Guttormsson starfsmann Umhverfisstofnunar svo og Hreindýraráð og sérilagi Hákon Hansson formann þess. Reymar Ásgeirsson, Sveinn Ingimarsson og Sævar Guðjónsson lögðu lið við hreindýrannsóknir. Margir leiðsögumenn með hreindýraveiðum og aðrir veittu Náttúrustofunni upplýsingar um hagagöngu hreindýra. Fjöldamargir taka þátt í hreindýratalningu ár hvert en of langt mál yrði að telja upp þá alla og marga aðra sem lögðu stofunni lið.

Öllum sem lögðu stofunni lið er hér með þakkað kærlega fyrir.

Hálf dán Haraldsson, Helgi Hallgrímsson og Hjörleifur Guttormsson voru sem fyrr velgjörðamenn og sérstakir velunnarar stofunnar. Óskar Ágústsson sem undanfarin ár hefur verið sérstakur vinur og fróðleiksbrunnur starfsmanna Náttúrustofunnar lést á árinu 2005.

Skýrslur og fræðsluefni

Árið 2005 komu eftirfarandi skýrslur út:

66. Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar vorið 2005. Rán Þórarinsdóttir. Unnið fyrir Landsvirkjun. Desember 2005
65. External Environmental Monitoring in Reyðarfjörður.-DRAFT Baseline Survey Report. Ecological Survey. Guðrún Á. Jónsdóttir, Kristín Ágústsdóttir and Erlín Emma Jóhannsdóttir. December 2005

64. Glúmsstaðadalssá, Smádýralíf og áhrif vatnsrennslis, bergsalla og sets úr borgöngum. Erlín Emma Jóhannsdóttir og Guðrún Á. Jónsdóttir. Unnið fyrir Landsvirkjun. Október 2005
63. Byggingarár húsa á Fáskrúðsfirði. Kristín Ágústsdóttir. Unnið fyrir Veðurstofu Íslands. Október 2005
62. Gróður á fyrirhuguðu efnislosunarsvæði milli Lagarfoss og Ekru. Guðrún Á. Jónsdóttir. Unnið fyrir RARIK. Ágúst 2005
61. Gróðurfur, dýralíf og verndargildi á vegarstæðum í Hofsaárdal og Vesturárdal. Guðrún Á. Jónsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Skarphéðinn G. Þórisson, Berglind Steina Ingvarsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Kristín Ágústsdóttir. Unnið fyrir Vegagerðina. Maí 2005
- Kom út seint á árinu 2004
60. Gróðurfur og dýralíf á áhrifasvæðum virkunar í Farðará í Seyðisfirði. Guðrún Á. Jónsdóttir, Halldór W. Stefánsson og Kristín Ágústsdóttir. Unnið fyrir Íslenska Orkuvirkjun. Desember 2004
- Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands fyrir 2004 kom einnig út 2005.

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Fjarðabyggð • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: na@na.is
Miðvangi 2 • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 • Netfang: skarphedinn@na.is